

framkvæmda þegar niðurstöðutölur rekstrar Fjármálaeftirlitsins liggja fyrir og skal hún vera í sömu hlutföllum og álagning yfirstandandi árs. Heildarálagning afmarkast af hámarki því sem tilgreint er í 3. mgr. 16. gr. laga nr. 87/1998.

10. gr.

Um álagningu eftirlitsgjalds sem eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða til þess að standa undir kostnaði við starfsemi Fjármálaeftirlitsins á árinu 1999 fer samkvæmt eftirfarandi:

- a. Stjórn Fjármálaeftirlitsins kynnir samráðsnefnd skv. 2. gr., eins og hún er tilnefnd við gildistöku reglugerðar þessarar, drög að helstu útgjaldaliðum rekstraráætlunar fyrir árið 1999. Skal nefndinni gefinn kostur á að láta í ljós álit á áætluðu rekstrarumfangi Fjármálaeftirlitsins áður en áætlunin er send ráðherra til samþykktar.
- b. Að liðnum fresti samráðsnefndar til þess að skila álit sendir stjórn Fjármálaeftirlitsins ráðherra eins fljótt og kostur er rekstraráætlun fyrir árið 1999 til samþykktar. Álit samráðsnefndar skal fylgja rekstraráætluninni hafi það borist innan tilskilins tíma.
- c. Þegar ráðherra hefur samþykkt rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 1999 auglýsir viðskiptaráðuneytið þá þegar í Stjórnartíðindum hundraðshluta álagðs eftirlitsgjalds á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila samkvæmt samþykkttri rekstraráætlun.
- d. Eins fljótt og kostur er í ársbyrjun 1999 skal senda hverjum einstökum eftirlitsskyldum aðila tilkynningu um álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 1999. Gjaldalagi fyrstu greiðslu skal vera 20. janúar 1999 og eindagi 1. febrúar 1999.
- e. Að öðru leyti en greinir í a.-d. lið þessarar greinar gilda ákvæði reglugerðar þessarar um álagningu og innheimtu eftirlitsgjalds sem lagt er á eftirlitsskylda aðila á árinu 1999.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með vísan til 7. gr. og 8. mgr. 16. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og öðlast hún gildi þann 1. janúar 1999.

Viðskiptaráðuneytinu, 23. desember 1998.

Finnur Ingólfsson.

Þórður Friðjónsson.

22. desember 1998

Nr. 778

AUGLYSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 1999.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og hlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitastjórna sbr. lög um tekjustofna sveitafélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 1999 verður 26,41%. Meðalútsvar á árinu 1999, samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðunum sveitastjórna, verður 11,93%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 1999 verður því 38,34%.

Fjármálaráðuneytinu, 22. desember 1998.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Ragnheiður Snorradóttir.